

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2016

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl.(13. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að lögum um verslun með áfengi og tóbak verði breytt þannig að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki frjáls. Frumvarp þetta var einnig lagt fram á 144. löggjafarþingi (17. mál) og skilaði Viðskiptaráð umsögn um það þingmál.¹

Viðskiptaráð tekur undir það sjónarmið að hið opinbera eigi ekki að standa í verslunarrekstri enda hefur ráðið ávallt talað fyrir því að hið opinbera láti af rekstri sem einkaaðilar geta sinnt með hagkvæmari hætti. Þá telur ráðið að hægt sé að ná markmiðum um lágmarkun á skaðlegum áhrifum áfengisneyslu með öðrum leiðum en ríkiseinokun á smásölu áfengra drykkja. Loks telur Viðskiptaráð að breytingar þær sem boðaðar eru í frumvarpinu komi til með að auka hagkvæmni í smásölu áfengis án þess að skerða tekjur ríkissjóðs.

Aukið atvinnufrelsi bætir lífskjör

Það hefur ávallt verið mat Viðskiptaráðs að einkaaðilar séu betur til þess fallnir að standa í atvinnurekstri en hið opinbera. Einkaaðilar þurfa að haga rekstri sínum með sem hagkvæmustum hætti til að verða ekki undir í samkeppnisumhverfi. Reynslan af íslenskum smásölumarkaði sýnir þetta svart á hvítu, en aukið frelsi í verslunarrekstri hefur stuðlað að verulegum kjarabótum fyrir neytendur hérlendis á undanförunum áratugum.

¹ Umsögnina má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/frjals-smasala-afengis/>

Smásala áfengis hefur hingað til verið undanþegin þessari þróun. ÁTVR hefur í dag einkaleyfi á smásölu með áfengi og þannig ríkir einokun á því sviði þrátt fyrir að um atvinnurekstur sé að ræða. Afleiðingin er sú að kraftar samkeppni leiða ekki til aukinnar hagkvæmni í rekstri líkt og raunin hefur verið í verslun með aðrar vörutegundir. Af þessum sökum má telja að afnám einkaleyfis ÁTVR á sölu áfengis muni leiða til bættrar þjónustu og lægra vöruverðs fyrir neytendur.

Forvarnir ákjósanlegri en frelsisskerðing

Af umsögnum um lagafrumvarp þetta og umræðu í þjóðfélaginu má ráða að helstu rökin fyrir einokun ríkisvaldsins á smásölu með áfengi byggji á sjónarmiðum um lýðheilsu. Þar hefur m.a. verið nefnt að núverandi fyrirkomulag (1) takmarki aðgengi ungmenna að áfengi, (2) takmarki aðgengi allra einstaklinga að áfengi, (3) dragi úr neyslu vegna hærra vöruverðs í verslunum ÁTVR en hjá einkaaðilum. Það er mat Viðskiptaráðs að þessi sjónarmið eigi ekki við rök að styðjast:

(1) Aðgengi ungmenna að áfengi má takmarka án þess að draga úr atvinnufrelsi. Með því að setja skilyrði um slíkt fyrir veitingu áfengissöluleyfa og viðurlögum við brotum á viðkomandi lagaákvæðum má tryggja slíkt með fullnægjandi hætti. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun þegar kemur á smásölu á tóbaki.

(2) Að mati Viðskiptaráðs er ekki réttlætanlegt að takmarka aðgengi að áfengi almennt. Sú staðreynd að sumir einstaklingar eigi í vandræðum með neyslu þess hefur verið notuð sem réttlætning þess að neysluskattar á áfengi séu mun hærri en á aðrar vörutegundir. Það er mat Viðskiptaráðs að aðgangstakmarkanir umfram hærri skattlagningu séu óhófleg takmörkun á frelsi bæði smásala og neytenda.

(3) Getgátur hafa komið fram um að verð á áfengi muni annað hvort lækka eða hækka í kjölfar afnáms einokunar ríkisins. Slík áhrif eru ekki rök gegn afnámi einokunar á smásölu áfengis. Hið opinbera beitir sértækum sköttum til að hækka verð á áfengi og takmarka þannig aðgengi að því. Verði einokun ÁTVR afnumin munu þeir skattar enn vera við lýði. Sé það vilji löggjafans að takmarka aðgengi að áfengi enn frekar með hærri vöruverði ætti að breyta fyrirkomulagi neysluskatta, en ekki handstýra álagningu í gegnum opinberan rekstur.

Árangursríkasta leiðin til að draga úr misnotkun á áfengi er í gegnum forvarnarstarf, en ekki takmarkanir á frelsi einstaklinga til neyslu þess. Þessu til stuðnings má benda á að áfengisneysla ungmenna hefur dregist verulega saman á undanförunum árum² þrátt fyrir að aðgengi að áfengi hafi á sama tíma aukist vegna lengingar opnunartíma og fjölgunar verslana ÁTVR. Þetta er til marks um góðan árangur af forvarnarstarfi í skólum.

Óveruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs

Viðskiptaráð telur að afnám einkaleyfis ÁTVR á smásölu áfengis muni hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs. Samkvæmt áætlun í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að ÁTVR muni greiða ríkinu einn milljarð króna í arð en gera má ráð fyrir að stærsti hluti þess arðs komi til vegna tóbakssölu. Í ársskýrslu ÁTVR árið 2014 kom fram³ að þegar vörunotkun tóbaks eru dregin frá tekjum af tóbakssölnunni standa eftir 1,4 milljarðar króna sem er sama upphæð og greiddur arður til ríkissjóðs var það ár. Af því má ætla að greiddur arður komi að mestu frá tóbakssölnunni en þar sem tóbaki er dreift í heildsölu en áfengið er selt í ótal verslunum er kostnaður ÁTVR af tóbakssölnunni mun lægri en í áfengissölnunni. Arðsemi ÁTVR af tóbakssölnunni er því talsvert hærri.

² Frétt mbl.is (2013): „Dregur úr áfengisneyslu ungmenna.“ Slóð:

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/09/24/dregur_ur_afengisneyslu_ungmenna/

³ Frétt Kjarnans (2015): <http://kjarninn.is/skyring/tobaksala-virdist-bua-til-allan-hagnad-atvr/>

Arður ÁTVR mun því líklega ekki lækka svo um muni en á sama tíma er áætlað að 16 milljarðar renni áfram í ríkissjóð í gegnum áfengisgjaldið. Megintekjustofn ríkisins af áfengissölu helst því óbreyttur. Við afnám einkaleyfis ÁTVR bætast einnig við þeir fjármunir sem myndu skapast við sölu fastafjármuna. ÁTVR starfrækir í dag 50 sölustaði með samanlagða veltu upp á um 30,2 ma. kr. á árinu 2016 samkvæmt áætlun í fjárlögum ársins 2016. Því má ætla að sala fastafjármuna ÁTVR hefði marktæk jákvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs. Viðskiptaráð tekur undir markmið lagafrumvarps þessa og telur breytingarnar sem það kveður á um vera til bóta.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands